

Formannafundur Félags hrossabænda

haldinn fimmtudaginn 14. apríl 2011 í bókasafni BÍ

Mætt voru: Kristinn Guðnason formaður, Sigbjörn Björnsson varaformaður, Eyþór Einarsson gjaldkeri, Magnús Jósefsson ritari og formaður Samtaka hrossabænda í A-Hún., Ólafur Einarsson meðstjórnandi og Hulda G. Geirsdóttir framkvæmdastjóri. Birna Hauksdóttir frá Vesturlandsdeild FHB, Jósef Valgarð Þorvaldsson frá HrAust., Ríkhartur Hafdal frá Hrossar.samt. Ey-Þing., Sveinn Steinarsson frá Hrossaræktarsamtökum Suðurlands, Ingimar Ingimarsson frá Hrossaræktarsamtökum Skagfirðinga, Indriði Karlsson frá V-Hún. og Sigurður Jökulsson frá FHB í Dölum. Hornfirðingar boðuðu forföll.

Kristinn Guðnason setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Gengið til dagskrár.

Fyrst var farið yfir starfsemi deildanna.

Sveinn Steinarsson frá HS sagði frá helstu verkefnum þeirra á Suðurlandi.

Frekar fjölgað í félaginu, nálgast 500 félaga. Ánægður að fólk skuli vilja vera í félaginu og finnist það eftirsóknarvert. Hestapestin hafði auðvitað mikil áhrif á síðasta ári og tóku samtökin þátt í þeirri vinnu, m.a. í fundarferð varðandi málið. HS tók að sér að gera minningargrip um Þorkel Bjarnason eins og þekkt er, en öll aðildarfélög FHB komu að þeim kostnaði ásamt FHB.

Hafa verið með ýmsa fræðsluviðburði – um kynbótamat, námskeið í byggingardómum sem hafa alltaf verið vel sótt, námskeið í hæfileikadómum. Fóru í umræðu um að staðla sýningaraðstöðu og nú stendur það til bóta.

Ákváðu á síðasta aðalfundi að styrkja exem rannsóknirnar á Keldum um

kr. 6.000.000, en rannsóknin var kynnt á fundinum. Vonast til að önnur samtök og hagsmunaaðilar fylgi í kjölfarið.

Hefðbundið reiðhalla sýningarhald, ungfolasýning nýbúin og svo verður ræktunarsýning um aðra helgi.

Ríkhartur Hafdal frá Hross.Ey-Þing. sagði þá halda í horfinu hvað félaga varðar en þeir eru um 300. Eiga

hlut í Gígjari og stefna að því að sýna hann með afkvæmum á LM. Eru í samstarfi við Búgarð með starfsmann og hefur það gengið vel. Voru með haustfund þar sem ræktunarbú ársins er útnefnt, ræktunarhross verðlaunuð og flutt fræðsluerindi. Þrjú bú á svæðinu tilnefnd til ræktunarverðlauna. Síðasta starfsár var töluvert mótað af pestinni og starfsemin mótuð af því.

Vildi hrósa Sunnlendingum fyrir að styrkja exemrannsóknirnar.

Indriði Karlsson frá Hrossar. V-Hún. sagði samtökin í vissri tilvistarkreppu a.m.k. hvað stóðhestahald

varðar. Stærsti hlutinn starfseminnar í V-Hún. undanfarið hefur verið stuðningur við reiðhöllina á Hvammstanga. Standa að héraðssýningu og öðru hefðbundnu starfi. Þrátt fyrir deyfð telur Indriði að nauðsynlegt sé að vera með félag og félagsskap sem þennan.

Birna Hauksdóttir frá FHB á Vesturlandi sagði ekki mikið starf hjá deildinni og hrossarræktarsambandið á Vesturlandi sér um stóðhestahald á svæðinu. Á morgun verður Vesturlandssýning í Borgarnesi og mun góður fjöldi heimahrossa koma fram. Mikið framboð af námskeiðum hjá Lbhí þannig að ekki ástæða til

Þess að deildin sé að standa í slíku. Sláturhross fara strax á Blönduós, ágætt verð og engin bið. Stórt félagssvæði og félagafjöldinn helst svipaður.

Jósef Valgarð Þorvaldsson frá HrAust. sagði frá starfseminni fyrir austan, þar eru kynbótasýningar og veitt verðlaun fyrir ræktunarstarf á svæðinu. Enn verið að glíma við fjárhagshala frá FM og farið var í að byggja hesthús við reiðhöllina. Urðu að selja nokkrar stúur til einstaklingar til að ljúka fjármögnum. Hafa verið með stóðhestahald og bjóða nú upp á bæði sýnda hesta og efnilega ungfola. Þurfa að bjóða upp á stóðhesta og því er haldið úti, niðurgreitt fyrir félag. Deildir innan samtakanna voru lagðar niður og taldi Jósef Valgarð það ekki til bóta. eru aðilar að Búnaðarsambandinu og stærsta félag innan þess.

Ingimar Ingimarsson sagði HSS halda svipuðum félagafjölda en þó örlítill endurnýjun í hópnum. Eiga enn hlut í Galsa, en hafa að öðru leyti staðið í stóðhestahaldi með leiguhestum, tvo hesta á ári. Það hefur verið nóg enda mikið framboð af hestum á svæðinu, bæði frá deildum og einstaklingum. Auk þess starfrækt sæðingarstöð á svæðinu. Hafa svolítið velt hlutverki sínu fyrir sér í þessu samhengi og dregið saman á þessum vettvangi. eru í samstarfi við Leiðbeiningamiðstöðina og er Eyþór Einarsson þeirra maður þar. Stóðu fyrir sýningu í fyrra sem hér Ræktun Norðurlands þar sem flóra hrossa á svæðinu var sýnd. Datt upp fyrir núna enda gríðarlega mikið framboð af mótum og sýningum alls staðar, mikið álag á knapa og mótshaldara. Takmörk fyrir því hvað fólk sækir marga viðburði og einhvern tíma þurfa knapar hvíld. Halda uppskeruhátíð og verðlauna þar knapa og ræktendur. Fögnuðu 40 ára afmæli sambandsins á síðustu hátíð.

Sigurður Jökulsson frá Dalamönnum sagði sinn félag leigja hluta úr jörð og halda þar tvo stóðhesta að meðaltali. Hafa niðurgreitt folatolla og reynt að styðja við sína féлага þannig og reynt að halda verðinu niðri til að fá hryssur. Eiga í góðu samstarfi við hestamannafélagið Glað og tóku þátt í koma upp reiðhöll á svæðinu. Sækja fræðslu til Lbhí og stendur deildin því ekki í því sjálf. Farið í skemmti- og fræðsluferðir sem gengið hafa vel.

Magnús Jósefsson frá A-Hún. sagði þá hafa rekið stóðhesta en sá þáttur alltaf að dragast saman. Telur að horfa þurfi meira til fræðsluþáttarins og nefndi sem dæmi skemmtilegt erindi sem þeir fengu um daginn um Kirkjubæjarhrossin. Reka reiðhöll á Blönduósi og það gengur vel, halda uppskeruhátíð og veita ræktunarverðlaun. Reiðhöllin gengur mjög vel og þar er mikil starfsemi í námskeiðum og viðburðum.

Matarhlé.

Hulda G. Geirsdóttir fór yfir nýja vefverkefnið www.icehorse-experience.is . Vefurinn kominn upp, virkar vel og viðtökur hafa verið jákvæðar. Nú liggur boltinn hjá hrossabændum sjálfum og undir okkur komið að kynna verkefnið og dreifa um heiminn.

Ólafur H. Einarsson frá Eiðfaxa kynnti hugmynd að nýjum vef og leitarvél. Virkja til viðskipta. Gera vef yfir hestatengda starfsemi svipaðan og nýja stóðhestavefi. Leitarvél hestaheimsins. Styrkur Eiðfaxa í slíku verkefni eru heimsóknir á þeirra vef og mikið safn af áður útgefnu efni. Sjá fyrir sér að verkefnið yrði rammað inn undir hatti FHB og Eiðfaxa. Safna saman á myndrænan vef.

Kristinn fór yfir stöðu þróunarfjárverkefnisins og hvernig því fé hefur verið varið. Eftir mikla vinnu fékkst fjármagn í sjóðinn að nýju og var hluti þess eyrnamerkur hagsmunafélögunum og stórum verkefnum á þeirra vegum, þ.e. Landslið í hestaíþróttum LH, markaðsverkefni FHB og þýðing á knapamerkjum FT. Sex milljónir voru svo til úthlutunar í önnur verkefni og sóttu margir um.

Ræddi stuttlega um Stofnverndarsjóð en lítið var til úthlutunar þar, enda ekki tekið af höfuðstól heldur eingöngu úthlutað af vöxtum.

Söguritun félagsins var næst til umræðu. Hulda sagðist hafa safnað saman gögnum sem skoðuð voru af Örnú Björgu Bjarnadóttur forstöðumanni Söguseturs íslenska hestsins og sagnfræðingi. Hulda kynnti gróft mat á kostnaði við slíka ritun.

Rætt um að halda gagnaöflun áfram, taka viðtöl við stofnfélaga og aðra er málið varða. Skoða svo möguleikana á því að gefa út á næsta stórafmælisári 2015.

Staða framleiðnisjóðs rædd. Hann var skorinn niður um 90% og er nánast óstarfhæfur. Þetta kemur sérlega illa við hrossabændur sem ekki hafa aðgang að neinum beingreiðslum eða slíku og Framleiðnisjóður var kannski sá sjóður sem hrossabændur gátu sótt í.

Eftirfarandi ályktun var samþykkt samhljóða:

Formannafundur Félags hrossabænda mótmælir niðurskurði á fjárframlögum til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Framleiðnisjóður hefur um árabil verið helsti bakhjarl hrossabænda þegar kemur að framkvæmdum, rannsóknum og þróunarverkefnum í greininni. Þar sem búgreinin nýtur engra opinberra styrkja er framlag Framleiðnisjóðs til hennar algert lyklatríði í framþróun á breiðum grundvelli.

Rætt um frumvarp að nýjum jarðarlögum. Mótmæla því og fá að skoða þau betur.

LM skýrsla. Sveinn ánægður með sáttatón í skýrslunni og telur að leitast þurfi við að láta hlutina ganga. Þurfti að þeim orðum sögðum að fara af fundi og kvaddi fundarmenn.

Kristinn rakti helstu liði skýrslunnar og fór m.a. yfir það að nauðsynlegt sé að aðkoma BÍ sé sterkari að mótunum.

Mikið var rætt um þá tillögu skýrslunnar að hafa mótin tvisvar fyrir sunnan á móti hverju skipti fyrir norðan. Voru fundarmenn almennt á því að það fyrirkomulag væri ekki æskilegt, mikilvægara að drafa fólk inni á svæðið.

Eyþór kynnti ályktun um þessi mál.

Formannafundur Félags hrossabænda haldinn í Bændahöllinni 14. apríl 2011 hvetur stjórn Bændasamtaka Íslands og fulltrúa hennar í stjórn LM ehf. að halda fast við þá stefnu að Landsmót hestamanna verði haldin á landsbyggðinni, til skiptis norðan- og sunnanlands.

Greinargerð:

Í nýlegri skýrslu, sem ber yfirskriftina "Landsmót, þróun, staða og tillögur um framtíðarskipan" er lagt til að Landsmót hestamanna skuli haldin tvisvar á Suðurlandi á móti hverju einu móti norðanlands. Þetta gengur hinsvegar í andstöðu við ályktun stjórnar FHB sem lögð var fyrir Búnaðarþing 2010.

Líkt og fram kemur í áðurnefndri skýrslu er talið að enginn einn viðburður hérlendis dragi að sér jafn marga erlenda gesti sem Landsmót og er mótið lyftistöng fyrir alla þætti hestamenskunnar og hefur auk

Þess miklu víðtækari áhrif á því svæði sem það er haldið á.

Það er mikil félagsleg ósanngirni og ójöfnuður gagnvart hrossaræktendum á Norðurlandi og jafnvel víðar að leggja til að lengja tímann milli Landsmóta frá því sem verið hefur. Mikilvægt er að forysta bænda standi saman um að hafna slíkum hugmyndum.

Samþykkt samhljóða.

Önnur mál:

Kristinn fór yfir stöðlun á sýningarsvæðum kynbótahrossa og ætlunin er að samræma enn frekar dómara, þ.e. formenn dómnefnda sérstaklega.

Fleiri mál ekki tekin fyrir og fundi lokið kl. 16:30.